



## Hús frítímans auglýsir laus störf

- Tímabil starfa:** 18. september 2019 til 15. maí 2020, eða eftir samkomulagi.
- Fjöldi starfa:** 4-5 störf.
- Starfshlutfall:** 20-75% starfshlutfall.
- Starfsheiti:** Frístundaleiðbeinandi I.
- Starfssvið:** Starfsmaður skipuleggur dagskrá í samstarfi við aðra starfsmenn og börn og unglinga. Hann ber jafnframt ábyrgð á tilteknu vali, hópstarfi og klúbbum sem reknir eru í Húsi frítímans. Starfsmaður ber ábyrgð á efla virkni, sjálfsábyrgð og sjálfstæði barna og unglinga sem sækja Hús frítímans. Starfsmaður ber ábyrgð á að frágangur húsnæðis sé viðunandi að vinnudegi loknum. Honum ber að sinna þeim störfum sem honum kunnu að vera falin af næsta yfirmanni og falla innan eðlilegs starfssviðs hans.
- Hæfniskröfur:** Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á að starfa með börnum og unglingum og vera jákvæð fyrirmynd þeirra í lífi og starfi. Umsækjandi þarf jafnframt að hafa ríka ábyrgðartilfinningu, vera tilbúinn til að tileinka sér nýjar hugmyndir, hafa metnað í starfi, vera jákvæður og sýna af sér sjálfstæði, skipulögð vinnubrögð og frumkvæði. Umsækjandi skal hafa náð 20 ára aldri. Reynsla og menntun er kostur. Hreint sakavottorð í samræmi við æskulýðslög nr. 70/2007.
- Vinnutími:** Unnið er á vöktum á daginn og á kvöldin.
- Launakjör:** Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við hlutaðeigandi stéttarfélag.
- Umsóknarfrestur:** **Er til og með 12. september 2019.**
- Nánari upplýsingar:** Þorvaldur Gröndal, frístundastjóri, 660 4639 [valdi@skagafjordur.is](mailto:valdi@skagafjordur.is).
- Umsóknir:** Umsókn ásamt ferilskrá er greinir frá menntun og fyrri störfum skal skilað í gegnum íbúagátt sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is) (laus störf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Karlar, sem og konur, eru hvattir til að sækja um.

*Hús frítímans er miðstöð tómstundastarfs allra íbúa sveitarfélagsins, óháð aldri. Í Húsi frítímans er starfsemi allan daginn fyrir mismunandi hópa. Auk starfsemi í þágu eldri borgara, ungmenna og grunnskólabarna er húsið opið fyrir hvers konar félags- og menningarstarfsemi íbúa héraðsins.*